

## Starfsreglur Skólaráðs Grunnskóla Snæfellsbæjar.

1. Umgjörð fyrir starf Skólaráðs G. Snb. markast af reglugerð um skólaráð, nr. 1157/2008.
2. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun skólaráðs og starfi þess. Hann er jafnframt formaður og stjórnar fundum, ritari í hans fjarveru
3. Skólaráð Grunnskóla Snæfellsbæjar skal skipað á eftirfarandi hátt:
  - a. Skólastjóri sem jafnframt er formaður.
  - b. Aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er ritari.
  - c. Tveir fulltrúar kennara og aðrir tveir til vara.
  - d. Einn fulltrúi starfsfólks annarra en kennara og annar til vara.
  - e. Tveir fulltrúar forráðamanna norðan Fróðárheiðar og tveir til vara.
  - f. Einn fulltrúi forráðamanna sunnan Fróðárheiðar og annar til vara.
  - g. Tveir fulltrúar nemenda hafa rétt til setu í skólaráði og tveir til vara.
4. Fulltrúar í skólaráði, c – g, eru skulu kosnir á tveggja ára fresti, þar sem um tvo fulltrúa er að ræða skal kosið um einn í senn og þannig tryggja ákveðna samfellu í ráðinu.
5. Fulltrúi í skólanefnd bæjarins er ekki kjörgengur í skólaráð, nema að sérstaklega sé eftir því óskað. Skal skólaráð taka afstöðu til slíkrar beiðni.
6. Fundir skólaráðs eru haldnir síðasta þriðjudag hvers mánuðar og skal boðað til þeirra með minnst viku fyrirvara. Í boðun skal dagskrá fundar kynnt og þeim gögnum dreift sem óskað er eftir að fulltrúar hafi kynnt sér fyrir viðkomandi fund.
7. Fulltrúar eru ábyrgir fyrir því að kalla til varamann við forföll sín.
8. Fundargerðir skólaráðs skulu birtar á heimasíðu skólans, [www.gsnb.is](http://www.gsnb.is), eins fjótt og auðið er. Jafnframt skulu allir skólaráðsfulltrúar fá fundargerðina senda sér persónulega í tölvupósti, auk formanns skólanefndar Snæfellsbæjar. Ritari er ábyrgur fyrir að halda fundargerð og birta hana fulltrúum og á vef skólans.
9. Verkefni skólaráðs eru í samræmi við 2.gr. reglugerðar um skólaráð:

*Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.*

*Skólaráð:*

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

*Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.*

10. Stefna skal að því að á fyrsta fundi skólaráðs á fyrsta fundi skólaárs að hausti liggi fyrir ætluð dagskrá fastra verkefna ráðsins.



11. Fulltrúar nemenda skulu ávalt fá fundarboð á fundi skólaráðs. Þegar sérstaklega er óskað eftir nærveru þeirra skal formaður tilgreina það sérstaklega í fundarboði. Á þá fundi sem nemenda er ekki sérstaklega óskað hafa þeir frjálsta mætingaskyldu. Á það ekki við um aðra fulltrúa ráðsins í neinum tilvikum.
12. Skólaráð er formlegur vettvangur umræðu um skólamál. Fulltrúar ráðsins eru málsvarar fyrir sinn hóp. Þeir skulu kynna sitt hlutverk innan viðkomandi hóps og tilgreina á hvaða hátt aðrir meðlimir geta snúið sér til þeirra með þau erindi sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundum ráðsins.
13. Ef rof verður á tengslum fulltrúa í skólaráði við skólann ber hann ábyrgð á því að koma upplýsingum um það til forsvarsmanna þess hóps sem hann völdu í ráðið og þar með hefja leit að sínum eftirmanni.

